

HÖFUÐSTAÐURINN

193. töl.

Sunnudaginn 15. apríl

1917

**Nýja
verzlunin**
Hverfisgötu 34.
Allskonar tilbúinn
fatnaður
fyrir dómur og börn.

K. F. U. M.

Valur. Aðalfundur kl 5^{1/2}
í dag í K. F. U. M.

Veðráttan í dag

	Lottv.	Átt	Magn	Hiti
Vme.				
Rvík	754	A	7	— 3.8
Isafj.	759	NA	9	— 5.5
Akure.	761	SSV	1	— 12.0
Grst.	724		0	— 14.6
Seyfj.	761	N	2	— 10.1
Þórsh.	751	N	5	— 0.5

Magn vindins er reiknað frá 0 (logn) til 12 (fárviðri).

HÖFUÐSTAÐURINN

Leiðrétting.

Í blaðinu í gær var af misgáningi sagt að hljótleikar P. Bernburgs hefðu verið í Gamla Bíó, en þeir voru í Nýja Bíó.

Jarðarför

M. Stephensen fyrv. landshöfðingja fór fram í gær frá dómkirkjunni. Húskveðjuna flutti sr. Bjarni Jónsson, en sr. Jóh. Þorkelsson líkræðuna. Jarðarför þessi var ein þeirra stærstu, sem menn hafa séð hér, enda eðlilegt, er um svo gamlan og merkan sæmdarmann er að ræða, sem landshöfðinginn var.

Hafliði Guðmundsson

hreppstjóri á Siglufirði er sagður látinn. Hann var bróðir Þorsteins Guðmundssonar yfirfiskimatsmanns. Hann var hreppstj. á Siglufirði um mörg ár, og vel látinn af öllum sem þektu hann, sem voru þó margir mjög, enda var Hafliði sæmdarmaður í hvívetna, röggSAMUR og skyldurækinn.

Tveir réttir miðdagsmatar, 35 auro.



Eins og kunnugt er, hafa verðlagsneindirnar í Danmörku, mælt eindregið með og komið á fót alþýðueldhúsum, og það er enginn efi á því, að þessi aðferð verður almenn, áður langt um líður. Það er afarmikill sparnaður í því fólginn, að hafa matarpottana sem fæsta, en stærsta, þar sparast hinn dýrmæti eldiviður að stór miklum mun. Myndin sýnir eitt slíkt alþýðueldhús í Næstved í Danmörku.

Grautarpotturinn mikli situr í öndvegi á hinni bústnu eldavél. Fisksnúðarnir hreykja sér á fatinu og brúnaðar kartöflur, brosa svo ánægjulega að vatn kemur fram í munninn á manni, við að sjá þennan undirstöðu góða og lystuga miðdagsverð, eins og sjá má á fólkinu, sem komið er, til að sækja bitann sinn.

Alþýða manna er farin að aðhyllast þessa nýbreytni og er — blátt áfram, — búið að fá matarást á þessum eldhúsum.

Á hverjum degi eru látnir úti tveir heitir réttir miðdagsmatar, fyrir 35 auro.

Rekstur eldhúsanna hefir borið sig, án nokkurs styrks af hálfu hins opinbera.

Botnvörpungarnir

Auk Jóns Forseta, sem getið var í blaðinu í gær hafa komið inn síðustu dagana þeir Ingólfur Arnarson, Maí og Skallagrímur. Allir fullir af fiski.

Færeyisk

fiskiskúta er komin inn með flagg í hálfu stöng, líklega dáinn maður um borð, ekki hægt að fá neinar fregnir um það því hafnarvörður eða heilbrigðisfulltrúi hafa engan sérstakan bát til umráða.

Hafnarbát þarf nú að fá, og vonandi kemur hann einhvern tíma — bara að hann þá ekki verði einhver ómynd, lítil með lítilli vél. — Hafnarbáturinn þarf að vera um 25 tonn, með vél sem knýr hann einar 10—12 mílur, svo hann sé fær í allan sjó og láti skip ekki hlaupa frá sér ef lögreglan þarf að komast út í þau, sbr. Þórsförin hér um daginn.

Hér með tilkynnist vinum og vandamönn um, að móðir mín elskuleg.

frú Anna Christine Thomsen

ekkja H. Th. A. Thomsens kaupmanns, andaðist 24. þ. m. úr lungnabólgu.

Kaupmannahöfn 28. marz 1917.

D. Thomsen.

Innanborðsmótor

Óskast í skiftum fyrir líflinn utanborðsmótor.

Arni S. Böðvarsson

Sími 614. Pósthússtræti 14 B.